

Mál nr. 262/2020**M og
V v/innbúslíðar fjölskyldutryggingar og ábyrgðartryggingu X****Ágreiningur um fjárhæð innbústjóns vegna vatnleka 15.-17 maí 2020.****Gögn.**

Málskot mótttekið 28. júlí 2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 26. ágúst 2020, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 1. september 2020 ásamt yfirliti M yfir atburðarrás.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á innbúi M vegna vatns sem flæddi inn í íbúð hennar. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu vegna tjónsins í þeim skilningi að V hefur viðurkennt hana úr ábyrgðartryggingu X og bætt tjón á innbúsmunum M að verulegu leyti. Ágreiningur málsins lýtur aðallega að tjóni sem varð á tilteknum hluta innbúsins, eða listaverkum og rúmdýnu.

M telur að greiða eigi skaðabætur vegna tjóns sem varð á myndlistarverkefnum eftir hana sjálfa, teikningum og grafíkverkum að verðmæti kr. 6.250.000 og telur tjón á rúmdýnu hafa verið meira en kr. 90.000 sem V hafi einhliða ákveðið að greiða vegna þess hluta tjónsins. M vísar til þess að hún hafi unnið sem myndlistarmaður í um 35 ár og því hafi hún átt mörg verk sem geymd hafi verið í lokaðri skúffu undir rúmi hennar. M vísar til staðfestinga í gögnum málsins um verk hennar og vinnu í gegnum tíðina til stuðnings verðmati því sem hún leggur til grundvallar á verkum sínum. M kveðst hafa komið vatnsblautum verkum fyrir í svörtum ruslapokum fyrir utan íbúð sína eftir að hreinsað hafi verið út úr henni og vísar til myndar af þeim í gögnum málsins. Einnig telur M að starfsmenn V hafi haft næga möguleika til að kynna sér innihald þeirra poka áður en þeim var fargað.

V telur að ekki sé unnt að greiða bætur vegna listaverka M þar sem hún hafi fargað þeim eftir tjónsatburðinn, þrátt fyrir leiðsögn frá tjónaskoðunarmanni V um að gera það ekki. Þannig geti M ekki sýnt fram á hvert tjón hennar er og rétt sé að M beri hallann af slíkum sönnunarskorti. Hvað varðar bótagreiðslu fyrir rúmdýnu þá hafi V greitt bætur fyrir slíka dýnu m.v. aldur hennar og notkun, en dýnan hafi verið um 10 ára gömul og afskriftir sem félagið reiknaði með væri 70% vegna þess.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi orðið fyrir nokkru tjóni á innbúi sínu vegna þess að vatn streymdi um hana. Þegar mat á slíku tjóni er framkvæmt er mikilvægt að sá sem greiða á bætur hafi tækifæri til þess að meta það sem hefur orðið fyrir tjóni til fjár. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða muni sem ekki eru þess eðlis að hægt sé að endurnýja þá með öðrum eins hlutum, t.d. eins og listaverk. Þó aðstæður hafi verið óþægilegar fyrir M vegna tjónsins verður ekki hægt að líta svo á að henni hafi verið ómögulegt að gefa V kost á því að skoða hina skemmdu tjónsmuni eða eftir atvikum að fá einhvern óháðan aðila til að verðmeta þá áður en þeim var fargað. Eins og gögn málsins liggja fyrir verður sönnunarbyrði um verðmæti teikninga og grafíkverka lögð á M og miðað við þau gögn verður ekki talið fullsannað að þau séu 6.250.000 króna virði, en ekki liggur fyrir sérstakt mat á tjónsmunum. Ekki liggur heldur fyrir sérstakt mat á rúmdýnu þeirri sem bætt var með 70% afskriftum. Ekki er því hægt að fallast á að M eigi rétt til frekari bótagreiðslna úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.